



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

[postur@uar.is](mailto:postur@uar.is)

Reykjavík, 14. febrúar 2019

**Mál: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012; S-36/2019.**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) telja að áform sem birtast í frumvarpsdrögum séu að ýmsu leyti til bóta en leggja þó til að gerðar verði breytingar á þeim samkvæmt neðangreindu.

**Um 1. gr. a.:**

Greininni er ætlað að breyta 5. gr. í núgildandi lögum en þar er að finna eftirfarandi málslið sem gert er ráð fyrir að falli brott: „Í aðgerðaáætluninni skal koma fram mat á áætluðum kostnaði við framkvæmd aðgerðanna sem þar eru lagðar til.“

Samtökin telja það lykilatriði að í þessari áætlun komi fram mat á kostnaði við aðgerðirnar og eins ávinningi sem þær hafa í för með sér. Einungis þannig verður unnt að forgangsraða aðgerðum eftir því sem hagkvæmt er og skynsamlegt. Fyrst verði ráðist í þær sem mestum ávinningi skila miðað við kostnað og svo koll af kolli. Ekkert mælir þó gegn því að ráðist sé í margháttaðar aðgerðir samtímis en ef ekki liggur fyrir mat á kostnaði og ávinningi verður aðgerðaáætlunin ekki það stjórnþæki sem hún annars gæti verið. Þetta skiptir einnig máli til að áætlunin öðlist trúverðugleika og njóti almenns stuðnings, sem er nauðsynlegt til að hrinda henni í framkvæmd.

**Um 2. gr. a.:**

Með greininni er fyrirhugað að starf loftslagsráðs verði skilgreint í lögum en núverandi ráð tók til starfa sl. sumar og er skipað fulltrúum atvinnulífs, sveitarfélaga, umhverfisverndarsamtaka og háskóla. Ráðinu er ætlað sjálfstæði og að gæta óhlutdrægni og hafi meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf. Með þingsályktun 46/145 sem samþykkt var í júní 2016 fól Alþingi ríkisstjórninni að koma á fót loftslagsráði.

Samtökin telja mikilvægt að atvinnulífið eigi fulltrúa í ráðinu eins og nú er enda var óskað tilnefninga frá Samtökum atvinnulífsins, Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð og Bændasamtökunum auk Neytendasamtakanna og tveggja fulltrúa umhverfisverndarsamtaka. Breið skipan loftslagsráðs er því mikilvægari að gert ráð fyrir verkefnisstjórn aðgerðaáætlunarinnar verði einungs skipuð fulltrúum stjórnvalda (ráðuneyta og sveitarfélaga). Loftslagsmál eru mál alls samfélagsins og takist ekki að mynda breiða samstöðu um markmið og leiðir til að draga úr losun, auka bindingu kolefnis og geymslu í jarðlögum er vísast að erfitt verði að uppfylla metnaðarfullar skuldbindingar á þessu sviði.



Samtökin telja því mikilvægt að efla starfsemi loftslagsráðs til að tryggja aðhald með aðgerðum stjórnvalda á þessu sviði og að skapa ákveðið jafnvægi við nefndir og ráð sem skipaðar eru af stjórnvöldum og mannaðar eru fulltrúum hins opinbera án aðkomu hagsmunaaðila utan stjórnkerfisins. Auk þess tryggir breið aðkoma betur en ella að þekking og reynsla sem víða er til um aðgerðir, nýsköpun og lausnir á þessu sviði nýtist. Nauðsynlegt er að tekið verði fram í greinargerð með frumvarpinu, sé það ekki gert í frumvarpinu sjálfu að loftslagsráði sé ætlað að hafa breiða skírskotum með aðkomu atvinnulífs og umhverfisverndarsamtaka.

Í ljósi þessa styðja samtökin fyrirhuguð lagakvæði um starfsemi ráðsins.

### **Um 2. gr. b.:**

Með greininni er lagt til að Stjórnarráðið og stofnanir ríkisins setji sér loftslagsstefnu. Mikilvægt er að fram komi í greinargerð hvort þetta nái til fyrirtækja í b- og c- hluta ríkisreiknings og opinberra hlutafélaga eða hlutafélaga nánast að öllu leyti í eigu ríkisins. Eins er æskilegt að birt verði yfirlit um árangur af þessu ákvæði. Ekki er að finna nein ákvæði í lögnum sem skilgreina „kolefnisjöfnun“ en ef sú skilgreining liggur ekki fyrir verður erfitt að uppfylla loftslagsstefnu stjórnvalda þannig að trúverðugt sé.

### **Um 3. gr.:**

Lagt er til að að 1. mgr. í 6. gr. laganna orðist svo: *Umhverfisstofnun heldur bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda, bindingu kolefnis úr andrúmslofti og geymslu kolefnis í jarðlögum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á því sviði.* Geymsla kolefnis í jarðlögum getur að ákveðnum skilyrðum uppfylltum nýst til að uppfylla skuldbindingar Íslands og á því heima í þessari málsgrein.

Lagt er til að við greinina bætist ný þriðja málsgrein sem verði svohljóðandi: *Eigi síðar en í mars á hverju ári skal Umhverfisstofnun birta bráðabirgðatölur úr losunarbókhaldi nýliðins árs og lokaniðurstöður losunarbókhalds fyrir lok ársins.* Það hefur skapað ákveðinn vanda hversu seint stofnunin birtir niðurstöður losunarbókhalds en flest nágrannaríki og Evrópusambandið birta niðurstöður úr bókhaldi sínu fljótlega eftir hver áramót. Æskilegt er að slíkt hið sama verði hér á landi.

Samtökin benda á að breytingar á lögnum kalla einnig á endurskoðun reglugerðar nr. 520/2017 um gagnasöfnun og upplýsingagjöf stofnana vegna bókhalds Íslands yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Þar er nauðsynlegt að geymsla kolefnis í jarðlögum verði þáttur í bókhaldinu. Mikilvægt er að endurskoðun reglugerðarinnar ljúki samhliða gildistöku breytinga á lögnum. Skerpa þarf upplýsingasöfnun til að unnt sé uppfylla tímafresti sem lagðir eru til hér að ofan.

### **Um 4., 5. og 6. gr.:**

Gert er ráð fyrir að sérstakur loftslagssjóður úthluti fé til nýsköpunar, tækniþróunar og rannsókna og að úthlutunina annist sérstök stjórn. Samtökin telja æskilegt að tekið verði mið af reynslu sem safnast hefur upp um langa hríð við úthlutun styrkja úr Tækniþróunarsjóði, lögum um sjóðinn (lög nr. 75/2007) og úthlutunarreglum [https://www.rannis.is/media/taeknithrounarsjodur/TS\\_Reglur\\_V19.pdf](https://www.rannis.is/media/taeknithrounarsjodur/TS_Reglur_V19.pdf).



Í grófum dráttum má segja að stjórn þess sjóðs annist úthlutun að fenginni umsögn fagráðs þar sem sitja sérfræðingar á viðkomandi sviði. Takmörkun er á því hve lengi einstakir fulltrúar geti setið í stjórn. Það er nauðsynlegt að styrkhafar skili áfangaskýrslum, lokaniðurstöðum og að fylgst sé með framvindu verkefna. Mikil sátt hefur enda ríkt um vinnubrögð Tækniþróunarsjóðs.

Samtökin telja æskilegt að umsjónaraðili loftslagssjóðs verði hinn sami og sér um Tækniþróunarsjóð. Unnt er að skipa sérstakt fagråd sérfræðinga í loftslagsmálum og ekkert mælir gegn því að umhverfisráðherra setji sjóðnum sérstakar áherslur. Samtökin telja nauðsynlegt að í stjórn loftslagssjóðs komi fulltrúi Samtaka atvinnulífsins og þá í stað fulltrúa Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem er ein af stofnunum ríkisins sem ekki er ólíklegt að sækir um styrki úr sjóðnum. Nauðsynlegt er að enginn vafi ríki um að stjórn sjóðsins sé óháð hugsanlegum styrkþegum og að ekki sé boðið upp á hagsmunaaðreksa eins og þarna geta átt sér stað. Samtökin telja einnig æskilegt að taka fram að fulltrúar í stjórn loftslagssjóðs eigi ekki sæti í loftslagsráði né fagráði um loftslagsmál.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

  
framkvæmdastjóri

f.h. Samtaka iðnaðarins

  
framkvæmdastjóri